



Reykjavík, 2. maí 2014

Niðurstaða athugunar á þáttum í starfsemi LSR

Hinn 4. september 2013 hóf Fjármálaeftirlitið athugun á þáttum í starfsemi LSR (Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins) sem tók m.a. til stjórnarháttá, fjárfestinga, áhættustýringar og upplýsingakerfa. Í kjölfar athugunarinnar ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslu þar sem fram komu athugasemdir, ábendingar og kröfur um úrbætur. Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins byggðu á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athuginina og miðast við stöðu mála hinn 20. september 2013.

Samkvæmt athugun Fjármálaeftirlitsins voru þeir þættir sem vettvangsathugunin beindist að almennt í góðu horfi og telur Fjármálaeftirlitið að stjórnendur LSR hafi gott viðhorf til eftirlits. Það endurspeglast m.a. í fáum athugasemdum og ábendingum að teknu tilliti til þess hve athugun Fjármálaeftirlitsins var ýtarleg og umfangsmikil. Af þeim athugasemdum sem gerðar voru ber helst að nefna athugasemd við að sjóðurinn flokkaði í nokkrum tilvikum óskráðar fjárfestingar sem skráðar.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn LSR að hún fæli innri endurskoðanda félagsins að yfirfara úrbætur í kjölfar athugunarinnar og skila skýrslu til Fjármálaeftirlitsins í ágúst 2014.